

# Skólaráðsfundur 23.3.2022

Mættir voru: Björg Sigrún Ólafsdóttir, Svanhildur Ólafsdóttir, Líney Björg Sigurðardóttir, Fiona Oliver, Júlía Mekkín Guðjónsdóttir, Hrefna Margrét Hjaltadóttir og Þuríður Óttarsdóttir  
Forföll boðuðu Guðrún Helga Sigfúsdóttir, Erla Snorradóttir og Sölvi Hrannar Jóhannesson

Ritari Vala Nönn

1. Viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar - var framlengd í tvígang vegna lélegrar þátttöku. Lauk á mánudaginn síðasta og niðurstöður eru ekki komnar. Víkurskóli náði 62% þátttöku þegar Þuríður fékk síðast upplýsingar.
2. Skóladagatalið - það var gerð tillaga A og B sem voru lagðar fyrir á kennarafundi og tillaga A var samþykkt. Þuríður kynnrir skóladagatalið og leggur til samþykktar. Skólaráð samþykkir skóladagatalið. Þrír starfsdagar eru sameiginlegir í Grafarvogi í bæði leik- og grunnskólum eins og undanfarin ár.
3. Skipulag næsta vetrar kynnt. Það fara fjórir bekkir út og koma fjórir bekkir, 99 nemendur inn. Það er verið að skoða skipulag í uglum og íþróttum og sundi. Þrír kennarar eru að hverfa til annarra starfa, Hanna, Lilja Björk og Anna Björg. Nokkrir kennarar eru með ársráðningu og ekki komið í ljós hvert framhaldið verður með þeirra ráðningar. Áframhald verður á Erasmus+ verkefnum sem eru í gangi og eitt bætist við.
4. Fjárhagsstaða skólans miðað við nýja Eddu líkanið. Við stöndum vel að vígi, erum réttu megin við núllið. Veikindi hafa bitnað á skólanum fjárhaglega. Einnig er tap á mötuneytinu sem skýrist af því að við erum með stóra munna að metta og náðum því ekki sama meðaltals magni og skólar sem eru með yngri nemendum sem borða minna, þannig að við höfum minni möguleika til að hagræða í þeim efnum.
5. Framkvæmdir á næstunni kynntar. Það er verið að vinna í lofteinangrun í íþróttahúsinu sem tekin var niður í jólafríinu vegna athugasemdar frá heilbrigðiseftirlitinu, en hönnun og útreikningar ganga hægt og er nú þegar komið á eftir áætlun og litlar líkur á að búið verði að laga loftið fyrir árs hátíð skólans. Skápmálið er komið í farveg en gengur hægt.
6. Niðurstöður nemendakannana voru kynntar, þar kemur fram að nemendum okkar líður almennt vel í skólanum en við fáum líka vísbendingar um hvað við þurfum að laga svo sem að nemendur geti leitað til einhvers sem þeir treysta. Kom fram ábending um að mikilvægt sé að kynna niðurstöðurnar fyrir nemendum sem hefur ekki verið gert. Væri til dæmis hægt að nota umsjónartímana til þess. Var vel tekið í þá hugmynd og viljum við endilega bæta okkur í því sambandi.
7. Önnur mál
  - a) Fram kom ánægja með öflugan frétttaflutning af skólastarfinu á facebook síðu skólans.

Fundi slitið klukkan 8:50